

## **Tillaga Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um fjölgun gatna þar sem heimilt er að hjóla gegn einstefnu**

Lagt er til að samþykkja að undirbúa fjölgun gata þar sem heimilt er að hjóla gegn einstefnu. Undanfarna mánuði hefur verið heimilt að hjóla gegn einstefnu á götum sem nýlega hefur verið breytt úr tvístefnu í einstefnu og hefur það gefið góða raun í þágu bæði gangandi og hjólandi. Því er talið rétt að fjölga þeim einstefnugötum þar sem heimilt er að hjóla gegn einstefnu og er skrifstofu samgangna og borgarhönnunar falið að meta hvaða götur henta undir slíka breytingu.